

## Tillaga

**Viðtakandi:** Bæjarráð Mosfellsbæjar

**Efni:** Tillaga að breyttum áætlunum vegna innréttingar íþróttahúss Helgafellsskóla

**Dags:** 06.05.2024

**Málsnúmer:** 202202428

**Sendandi:** Katrín D. Þorsteinsdóttir starfandi deildarstjóri og Kristján E. Kristjánsson verkefnastjóri íþróttahússins við Helgafellsskóla

### Tillaga:

Lagt er til að samþykkt verði breytt tíma-, verk- og sjóðstreymisáætlun vegna innréttingar íþróttahúss Helgafellsskóla. Breytingin er lögð til með það fyrir augum að íþróttahúsið verði þá allt tekið í notkun um mánaðarmótin jan-feb 2025.

Í fjárfestingaáætlun er gert ráð fyrir 400 m.kr. til innréttinga sem ætlað var að skiptist til helminga milli ára 2024 og 2025. Með tillagðri breytingu mun tilfærsla milli ára eiga sér stað þannig að útgjöld vegna innréttinga verða 266 m.kr. á árinu 2024 og 126 m.kr. á árinu 2025.

Jafnframt er lagt til að sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs verði falið að meta hvort þörf er á viðauka við fjárfestingaáætlun 2024 vegna breytinga á sjóðsteymi verkefnisins milli ára.

### Greinargerð:

Á 1612. fundi bæjarráðs 8.febrúar s.l. heimilaði ráðið útboð á innréttingu íþróttahúss Helgafellsskóla.

Á 1617. fundi bæjarráðs 14. mars s.l. var tillaga B, C og S lista um að skoðað yrði hvort unnt væri að flýta framkvæmdum við íþróttahús Helgafellsskóla samþykkt og umhverfissviði falið að leggja mat á hvort flýting væri framkvæmanleg (mál 202403259).

Á 1619. fundi bæjarráðs 4. apríl s.l. heimilaði svo bæjarráð að gengið yrði frá verksamningi við lægstbjóðanda, Land og verk ehf. en tilboð þeirra ásamt öðrum kostnaði hljóðaði upp á 392 m.kr.

Í samráði við verktakann, Land og verk ehf., hefur verið lögð fram tillaga að nýrri tímalínu (sjá fylgiskjal) þar sem báðum áföngunum yrði lokið 24. janúar 2025.

	kostn. m.kr.	sjóðsstr. ár	áætluð verklok
<strong>Fyrri áætlun</strong>			
Innrétting íþróttahússins	200	2024	1. nóvember 2024
Innrétting búnings- og sturtuklefa	200	2025	30. ágúst 2025
<strong>Samtals</strong>	<strong>400</strong>		
<strong>Breytt áætlun</strong>			
Innrétting íþróttahússins	266	2024	24. janúar 2025
Innrétting búnings- og sturtuklefa	126	2025	24. janúar 2025
<strong>Samtals</strong>	<strong>392</strong>		

Viðbótarfjárfesting á árinu 2024 yrði því eins og áður segir 66 m.kr. sem yrði þá til lækkunar árið 2025 m.v. fyrri samþykktir.

**Aðrar fyrirhugaðar breytingar skv. bæjarráði**

Lagt verður parket í stað dúks og er áætlaður umframkostnaður vegna þessa 4,1 m.kr. sem fellur undir ófyrirséðan kostnað. Parketlagt mun húsið bjóða upp á fjölbreyttari notkun en annars.

Þá hefur verið óskað eftir breytingum á búningaástöðu fyrir fatlaða notendur. Teikning hefur verið lögð fram og er verið að kostnaðarmeta hana. Sú fjárhæð verður kynnt fyrir bæjarráði þegar hún liggur fyrir og ef samþykkt þyrfti hún einnig að bætast við fjárfestingaáætlun 2024/2025 eftir kostnaðarskiptingu milli áranna.

*Virðingarfyllst,  
Katrín D. Þorsteinsdóttir  
starfandi deildarstjóri hjá eignasjóði*

*Kristján E. Kristjánsson  
verkefnastjóri íþróttahússins við  
Helgafellsskóla f.h. eignasjóðs*

**Fylgiskjal:**

1. Sameinuð verkáætlun frá Land og verk ehf.